

## Fjallaskilanevnd Auðkúluheiðar

Þriðjaginn 19. nóvember 2013 var haldinn fjallaskilanevndarfundur í Dalsmynni.

Farið var yfir uppgjör fjallskila fyrir haustið. Fyrir liggur að kostnaður við aukasmölun 28. og 29. ágúst er um það bil 1.100.000,- eða um 100kr á hverja einingu.

Fjallaskilanevnd Auðkúluheiðar telur rétt að leggja þetta viðbótargjald, 100kr á einingu á búfjáreigendur í fjallskiladeildinni nú í haust, sjái sveitarstjórn enga annmarka á því í framkvæmd. Ákveðið var að borga 2 dagsverk í lægra gjaldi, kr 13.200, til þeirra sem unnu fjallskil dagana 28. og 29. ágúst sl.

Vegna tilmæla frá sveitarstjórn Húnavatnshrepps um að fjallaskilanevndir vinni aðgerðaráætlun um smalanir vegna hugsanlegra náttúruhamfara sem upp geta komið, ákvað fjallaskilanevnd Auðkúluheiðar að vinna slíka áætlun í samráði við bændur í fjallskiladeildinni og að nýta til þess almennan fund í deildinni nú í vetur og einnig í samráði við alrar fjallaskilanevndir í A-Hún.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Júlíus Óskarsson

Jón Gíslason

Sigurður Árnason